

## G J A L D S K R Á

### fyrir Vatnsveitu Dalvíkur.

#### Vatnsskattur.

##### 1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurhrepps, sem fá vatn úr vatnsveitu hreppsins.

Nú er vatni frá Vatnsveitu Dalvíkur veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því, er í gjaldskrá þessari segir.

##### 2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal vera 0.18% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0.18% af fasteignamati lóða þeirra.

	Lágmarks- gjaldstuðull kr./m <sup>3</sup>	Hámarks- gjaldstuðull kr./m <sup>3</sup>
Vörugeymslur og annað ótilgreint húsnæði .....	4	5
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar .....	5	6
Iðnaðarhúsnæði .....	5.5	6.5
Verzlunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	6.5	7.5

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 500.00.

##### 3. gr.

Af jörðum innan lögsagnarumdæmis Dalvíkurhrepps skal vatnsskattur vera 0.18% af fasteignamati jarðanna (íbúðarhúsa, útihúsa og landi jarðar). Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0.18% af fasteignamati útihúsa og lands, að viðbættum kr. 5.00 á hvern rúmmetra íbúðarhúss og tilsvarendi skal hámark vatnsskatts vera 0.18% af fasteignamati útihúsa og lands að viðbættum kr. 6.00 á hvern rúmmetra íbúðarhúss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

##### 4. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitunefnd skattinn.

#### Aukavatnsskattur.

##### 5. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

##### 6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

## 7. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Heimilt er vatnsveitunefnd að selja vatn úr Brimnesá á 25% lægra verði.

## 8. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

20 til 32 mm mælir .....	kr. 300.00
40 mm mælir .....	— 400.00
50 mm mælir .....	— 800.00
80 mm mælir .....	— 1 000.00
100 mm mælir .....	— 2 000.00

**Heimæða- og tengigjald.**

## 9. gr.

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkрана húss sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar vatnsveitunnar frá 23. jan. 1963 skal vera kr. 4.00 á hvern rúmmetra húss.

**Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.**

## 10. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskattur greiðist á skrifstofu Dalvíkurhrepps.

## 11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss sins. Eigandi fyrir-tækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkv. gjaldskrá þessari, má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

**Ýmis ákvæði.**

## 12. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir ætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

## 13. gr.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

## 14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum, getur hreppsnefnd, að fengnum tillögum vatnsveitunefndar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmark og hámark vatnsskatts, aukavatnsskatt, mælaleigu um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, enda verði gætt fyrir mæla l. nr. 94/1971,

um breytingu á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960, ákvæði til bráða-  
birgða.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923  
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut  
eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi gjaldskrárákvæði í reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur  
nr. 16 23. janúar 1963 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 265 16. okt.  
1969.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1972.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 308.

23. nóvember 1972.

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1972.

### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1972, vegna lyfjaeftirlits sam-  
kvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 15 000.00
II. flokkur	.....	— 12 000.00
III. flokkur	.....	— 9 000.00
IV. flokkur	.....	— 6 000.00
V. flokkur	.....	— 3 000.00

### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslueftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,  
Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Keflavíkur,  
Ingólfs apótek,  
Laugavegs apótek.
- III. flokkur: Akureyrar apótek,  
Apótek Austurbæjar,  
Hafnarfjarðar apótek,  
Holts apótek,  
Stjörnu apótek,  
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,  
Apótek Vestmannaeyja,  
Borgar apótek,